

Bæjarstjórn - 1937

FUNDARBOÐ

**1937. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 11.
september 2024 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2005180 - Samgöngusáttmáli

12.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 28.ágúst sl. Til afgreiðslu

4. 2005180 Samgöngusáttmáli

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um Samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins og uppfærslu hans.

1. liður úr fundargerð bæjarráðs 22.08.2024.

Samfylkingin leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrirliggjandi uppfærður samgöngusáttmáli fyrir höfuðborgarsvæðisins er mikilvægt tæki til að skipuleggja og ráðast í löngu tímabærar vegabætur fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Uppfærsla samningsins hefur tekið of langan tíma. Einnig hafa framkvæmdir frá upphaflegri undirritun samningsins frá 2019 gengið hægar en til stóð. Í þessum uppfærða samningi eru tímafrestir lengdir til ársins 2040. Það eru vonbrigði fyrir Hafnfirðinga að brýnar vegabætur á Reykjanesbraut frá hringtorgi við Lækjargötu að Kaplakrika og svo áfram að Engidal eru færðar aftur í tíma og munu eiginlegar framkvæmdir ekki hefjast fyrr en 2030 og ekki ljúka fyrr en árið 2033, eða síðar. Alveg er ljóst að grípa þarf til bráðabirgðalausna fyrir þann tíma, þannig að létt sé á þeirri umferðarstíflu sem þar er til staðar. Einnig er umhugsunarvert að ekki er litið til langtímalausna í samningnum er varðar Ofanbyggðaveg ofan Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs. Almenn er þó samningurinn til mikilla bóta fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins, en mikilvægt er að honum verði fylgt.

Sjálfstæðisflokkur og Framsókn leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar fagna því að loksins sé komin áætlun um framtíðaruppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu sem setið hefur eftir alltof lengi. Hér fara tugþúsundir ökutækja um göturnar á degi hverjum og löngu ljóst að bregðast þarf við af alvöru til að tryggja greiðari samgöngur og auka öryggi. Ánægjulegt er að nú sjáum við Hafnfirðingar fram á að kraftur verður settur í að leysa helstu umferðarhnútana í bænum á Reykjanesbraut frá Lækjargötu að Kaplakrika/Álftanesvegi. Í uppfærslu samgöngusáttmálans hefur fjármagn til verkefnisins aukist umtalsvert. Strax á næsta ári verður fjármagn sett í hönnun og undirbúning þessa mikilvæga verkefnis og framkvæmdir hefjast árið 2028.

Guðmundur Árni Stefánsson tekur til máls. Einnig Rósa Guðbjartsdóttir og leggur jafnframt til að málinu verði vísað til frekari umræðu í bæjarráði,

umhverfis- og framkvæmdaráði og skipulags og byggingarráði en tekið til afgreiðslu á næsta fundi bæjarstjórnar. Guðmundur Árni kemur til andsvars.

Er það samþykkt samhljóða að vísa málinu til frekari umræðu í ofangreindum ráðum.

Rósa Guðbjartsdóttir vísar af fundi kl. 16:28.

2. 1811277 - Menntastefna

13.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 28.ágúst sl.
Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðum um menntastefnuna sem samþykkt var í Fræðsluráði 27. apríl 2022 og í bæjarstjórn þann 4. maí 2022. Einnig er óskað eftir upplýsingum um stöðu innleiðingar menntastefnunnar.

Fundarhlé kl. 16:29. Fundi framhaldið kl. 16:31.

Samþykkt samhljóða að fresta málinu til næsta bæjarstjórnar.

3. 2312020 - Óttarsstaðir, skipulag

14.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 28.ágúst sl.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fela bæjarstjóra að leita samninga við eigendur Óttarsstaða hið allra fyrsta. Bæjarstjóri geri bæjarráði grein fyrir framvindu málsins í október næstkomandi.
Greinargerð: Fyrir liggur mikilvægi þess til framtíðar að Hafnarfjarðarbær eignist lóðir og lundur á svokölluðu Óttarsstaðasvæði til frekari uppbyggingar íbúðar- og iðnaðar á svæðinu. Landið er í eigu allnokkurra aðila, sem hafa lýst yfir vilja sínum til viðræðna um uppkaup bæjarins. Einhver samtöl millum aðila hafa átt sér stað. Mikilvægt er að ganga til þessara verka nú þegar með skipulegum og markvissum hætti. Til greina kemur að starfshópur verði skipaður í verkefnið, en fyrst í stað er bæjarstjóra og öðrum embættismönnum falið að vinna frumvinnuna og gera kjörnum fulltrúum grein fyrir afrakstrinum strax á haustdögum, eða í október næstkomandi.

Samþykkt samhljóða að fresta málinu til næsta bæjarstjórnar.

Árni Rúnar tekur til máls undir fundarstjórn forseta.

4. 22111133 - Flensborgarhöfn, nýtt deiliskipulag

2. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs þann 5. september sl.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Flensborgarhafnar. Tillagan hefur hlotið kynningu í bæjarráði, Hafnarstjórn sem og á opnu húsi að Norðurhelli 2 þann 12. ágúst síðastliðinn. Skipulagshöfundur mætir til fundarins.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flensborgarhafnar verði auglýst og vísar til staðfestingar í hafnarstjórn og bæjarstjórn.

Ofangreint tilkynnist hér með

5. 2409030 - Hólshraun, Kaplahraun, breyting á deiliskipulagi

4. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs þann 5. september sl.

HS veitur sækja um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hólshraun - lðnaðar og þjónustulóðir. Gert er ráð fyrir nýrri lóð fyrir aðveitustöð við Kaplahraun og nýrri lóð fyrir dreifistöð við Hólshraun.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hólshrauns verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Ofangreint tilkynnist hér með

6. 2404955 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Fornubúðir 5

5. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs þann 5. september sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna Fornubúðar 5, skilmálabreyting. Tillagan gerir ráð fyrir að á M7 verði einnig heimilar íbúðir.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna Fornubúða 5 verði auglýst og vísar til kynningar í hafnarstjórn og staðfestingar í bæjarstjórn.

Ofangreint tilkynnist hér með

7. 2408562 - Fornubúðir 5, breyting á deiliskipulagi

6. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs þann 5. september sl.

Lögð fram tillaga dags. 1.2.2024 að breytingu á deiliskipulagi Fornubúða 5. Tillagan er lögð fram samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna Fornubúða 5. Gert er ráð fyrir uppbyggingu allt að 5 hæða byggingu fyrir blandaða starfsemi, skrifstofur, verslun, þjónusta, hótél og íbúðir.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Fornubúða 5 verði auglýst og vísar til kynningar í hafnarstjórn og staðfestingar í bæjarstjórn.

Vísað til bæjarstjórnar

8. 2405291 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Skarðshlíð

7. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs þann 5. september sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna fjölgunar íbúða í Skarðshlíð.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna fjölgunar íbúða í Skarðshlíð verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2408341 - Hvaleyrarbraut 26, 28 og 30, breyting á deiliskipulagi

8. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 5. september sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarbrautar 26, 28 og 30. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu þriggja fjölbýlishúsa á 5 hæðum með allt að 144 íbúðum.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarbrautar 26, 28 og 30 verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2209117 - Hamranes, götur, stígar, stofnanalóðir og veitur, deiliskipulag

9. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs þann 5. september sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á skipulagsmörkum.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að málsmeðferð tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hamranes, götur, stígar, stofnanalóðir og veitur fari skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

11. 2312146 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting vegna borteiga

10. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs þann 5. september sl.

Lögð fram umsögn Hafnarfjarðarbæjar við umhverfismatsskýrslu framkvæmda.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs og vísar umsögninni til umfjöllunar í bæjarstjórn.

12. 2408342 - Straumsvíkurhöfn stækkun, umhverfismat

11. liður skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 5. september sl.

Lögð fram að nýju umsögn Hafnarfjarðarbæjar við umhverfismatsskýrslu.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs og vísar umsögninni til umfjöllunar í bæjarstjórn.

13. 2409008 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting miðsvæði Valla

16. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 5. september sl.

Lögð fram tillaga um að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breytinga á landnotkun.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breytinga á landnotkun M2 á miðsvæði Valla og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

14. 2408164 - Hryggjarás 21, umsókn um lóð,

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 5.september sl.

Lögð fram umsókn Haraldar Arnarsonar og Erlu Maríu Andrésdóttur um lóðina nr. 21 við Hryggjarás og til vara lóðina nr. 23 við Hryggjarás.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

15. 22111133 - Flensborgarhöfn, nýtt deiliskipulag

1.liður úr fundargerð hafnarstjórnar frá 9.september sl.

Lögð fram að nýju tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Flensborgarhöfn.

Hafnarstjórn samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flensborgarhafnar verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Samþykkt

16. 2404346 - Sláttur grasvalla 2024-2026

5.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 4.september sl.

Drög að samningi við Golfklúbbinn Keili um slátt grasvalla 2024-2026, lagt fram til kynningar.

Fræðsluráð samþykkir viðauka við samning við Keili vegna Hybrit grass á svæði FH og vísar til bæjarstjórnar til frekari samþykkis.

17. 2405222 - Miðstöð ungs fólks í Hafnarfirði

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um málið.

12. liður úr fundargerð Fræðsluráðs þann 4. september sl.

Lögð fram fundargerð nr. tvö frá starfshópi um ungmennastarf Hafnarfjarðarbæjar.

Svar við fyrirspurnum lagt fram.

Lagt fram.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar þakka fyrir framlögð svör. Af þessum svörum að dæma þá er það ljóst að rof hefur orðið á þeirri þjónustu sem var til staðar á Suðurgötu 14 fyrir ungt fólk en það er þvert á þau svör sem bárust um málið á fundi bæjarstjórnar 14. ágúst sl. frá meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Það er vægast sagt ekki gott fyrir ungmenni í Hafnarfirði og sérstaklega þá viðkvæmu hópa ungmenna sem sóttu sér þjónustu á Suðurgötu 14. Þetta undirstrikar það sem fulltrúar Samfylkingarinnar hafa áður bókað um málið á fundum fræðsluráðs þann 29. maí og 3. júní sl. um óvönduð og ófagleg vinnubrögð meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í þessu máli.

18. 2312031 - Frístundastyrkur

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögur:

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að frístundastyrkur fyrir börn og

ungmenn verði alls 65 þúsund krónur á hvern einstakling á ári frá og með 01.01.2025 og verði svo 75 þúsund krónur á hvern einstaklinga frá og með 01.01.2026. Viðbótarkostnaður verði um 50 milljónir á næsta fjárhagsári.

Greinargerð:

Mikilvægi frístundastyrksins er óumdeilt og skiptir máli fyrir börn og ungmenni bæjarins og fjölskyldur þeirra. Enda var það baráttumál jafnaðarfólks að koma frístundastyrknum á fót hér í Hafnarfirði á sínum tíma. Með slíku framlagi er þess freistað að sem flest börn og ungmenni geti tekið þátt í uppbyggilegri tómstunda- og/eða íþróttaiðkun. Við gerð síðustu fjáhagsáætlunar felldu fulltrúar meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks tillögu Samfylkingarinnar um 10 þúsund króna hækkun frístundastyrksins milli ára lögðu þess í stað fram tillögu um 3 þúsund króna hækkun. Fulltrúar Samfylkingarinnar samþykktu þá tillögu þó við teldum alls ekki nógu langt gengið með henni þó hún væri hænuskref í rétta átt. Nú er rétti tíminn fyrir bæjarstjórn að leggja línurnar í þessum málum. Þess vegna leggjum við jafnaðarfólk fram þessa tillögu um löngu tímabæra hækkun á frístundastyrknum fyrir börn og ungmenni á næstu tveimur árum.

2. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að frá og með næstu mánaðamótum, 01.10.2024 verði frístundastyrkur barna og ungmenna í boði fyrir 5 ára börn. Vísað til viðaukagerðar við fjáhagsáætlun 2024.

Greinargerð:

Frístundastyrkur Hafnarfjarðar er í dag fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-18 ára. Lengi hefur verið rætt um að útvíkka hann þannig að fleiri börn eigi kost á að nýta sér styrkinn. Þessi tillaga felur í sér að frístundastyrkurinn verður frá og með 01.10.2024 í boði fyrir 5-18 ára börn og ungmenni í stað 6-18 ára eins og er í dag. Með þessari tillögu er þess freistað að enn fleiri börn í Hafnarfirði geti tekið þátt í uppbyggilegri tómstunda- og/eða íþróttaiðkun. Nýjum útgjöldum á árinu 2024 verði vísað til viðaukagerðar.

Fundargerðir

19. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 5. september sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 5. september sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 26.ágúst sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 28.ágúst sl.

c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 26.ágúst sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 21.ágúst sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 4. september sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 4. september sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 3. september sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 9. september sl.

09.09.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

